142

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Útborguð tjón: | | | | |
| a. Hraunhrepps | kr. | 62 50 | | |
| b. Hrunamannahrepps | — | 869 00 | | |
| c. Austur-Landeyjahrepps | — | 6 25 | | |
| | | | kr. | 937 75 |
| 2. Kostnaður sjóðsins | | | — | 600 00 |
| 3. Til jafnaðar móti tekjulið 3 | | | — | 2271 93 |
| 4. Sjóður til næsta árs: | | | | |
| a. Á innritunarskírteini í Landsbankanum | kr. | 35922 36 | | |
| b. Á innritunarskírteini í Íslandsbanka | — | 15759 37 | | |
| c. Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum | — | 31356 15 | | |
| d. Í sjóði hjá fjehirði | — | 0 33 | | |
| | | | — | 83038 21 |
| | | | Kr. | 86847 89 |

Reykjavík, 31. maí 1924.

*G. Egilson.*

143

# FIRMNATILKYNNINGAR.

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1924.

## *I. Reykjavík.*

1. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar að jeg undirritaður er genginn úr firmanu, B. Stefánsson & Bjarnar, frá 1. þ. m.

Reykjavík, 5. janúar 1924.
Teó. V. Bjarnar.

Samtímis leyfi jeg mjer að tilkynna að jeg rek sömu verslun framvegis og á eigin ábyrgð undir firmanafninu: Skóverslun B. Stefánssonar og undirrita hið nýja firma:

B. Stefánsson.
Reykjavík, 5. janúar 1924.
B. Stefánsson.

2. Hjer með tilkynnist að jeg undirritaður er genginn úr firmanu Verslunin Merkúr, Haraldur Björnsson og Ólafur Gunnlaugsson.

Ólafur Gunnlaugsson,
Vatnsstíg 9.

Jafnframt tilkynnist að jeg undirritaður mun reka firmað undir sama firmanfni, Verslunin Merkúr, Haraldur Björnsson, nema með þeirri breytingu, að jeg er einn ábyrgur fyrir firmanu og rita firmað: 143

„Verslunin Merkúr",
Har. Björnsson.
Reykjavík, 8. jan. 1924.
Haraldur Björnsson. Ólafur Gunnlaugsson.

3. Hjermeð afturkallast prókúruumboð það, er herra A. Ó. Thorlacius hefir haft fyrir firma mitt.

Reykjavík, 26. janúar 1924.
Þ. Johs. Hansens Enke
N. B. Nielsen.

4. Við undirritaðir Eiríkur Ormsson, rafmagnsviðgerðarmaður, Baldursgötu 13, Reykjavík, og Jón Ormsson löggiltur innlagningarmaður (rafvirki), Baldursgötu 13, Reykjavík, tilkynnum hjermeð til firmaskrárinnar, að við rekum starfsemi og höfum verkstæði og skrifstofu á Baldursgötu 13 og Óðinsgötu 25 í Reykjavík, undir nafninu: „Bræðurnir Ormsson", þar sem starfað er að allskonar viðgerðum á rafmagnsáhöldum, rafmagnsvjelum og hverskonar tækjum, önnumst innlagningar á rafmagni, bæði í húsum og skipum, setjum upp rafmagnsstöðvar og gerum áætlanir um kostnað þeirra, setjum upp loftskeytastöðvar í skipum og útvegum öll tæki til rafmagnsnotkunar.

Ábyrgð okkar er ótakmörkuð.

Báðir höfum við rjett til þess að skuldbinda firmað og rita nafn þess.

Eiríkur Ormsson ritað firmað þannig:

pr. Bræðurnir Ormsson
E. Ormsson.

Jón Ormsson ritar firmað þannig:

pr. Bræðurnir Ormsson
Jón Ormsson.

Reykjavík, 6. febrúar 1924.
E. Ormsson. Jón Ormsson.

5. Firmað A. Einarsson & Funk tilkynna hjermeð að prókúru fyrir firmað hefir nú, herra J. Schopka, Hverfisgötu 90, og skrifar hann þannig undir:

p. p. A. Einarsson & Funk
J. Schopka.

Prókúru-umboð herra G. M. Björnssonar er afturkallað hjermeð.

Reykjavík, 25. febrúar 1924.
A. Einarsson & Funk.

143 6. Við undirritaðir Ásgeir G. Gunnlaugsson og Kristófer Egilsson, sem höfum rekið í fjelagi verslun í Austurstræti 1, hjer í bænum undir firmanafninu: Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co., tilkynnum hjermeð, að Kristófer Egilsson er genginn úr firmanu og er Ásgeir G. Gunnlaugsson því einn eigandi þess, ber einn ábyrgð á skuldbindingum þess og heldur versluninni áfram undir sama nafni, með samþykki Kristófers Egilssonar.

Jeg undirritaður rita firmað framvegis þannig:

Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co.
Ásgeir Gunnlaugsson.
Reykjavík, 17. mars, 1923.
Ásg. G. Gunnlaugsson.
Kristófer Egilsson.

7. Það tilkynnist hjermeð til verslunarskrár Reykjavíkur, að jeg hefi veitt herra Sig. B. Sigurðsson, Valhöll við Skothúsveg, prókúru-umboð fyrir mig og verslun mína og hefir hann öll rjettindi samkvæmt lögum nr. 42. 13. nóv. 1903

Prókúruhafi ritar þannig:

p. p. Ásgeir Sigurðsson.
Sig. B. Sigurðsson.
eða: p. p. Verslunin Edinborg.
Sig. B. Sigurðsson.
Reykjavík, 6. júní 1923.
Ásgeir Sigurðsson.

8. Hjermeð tilkynnist til verslunarskrárinnar, að herra Þórður Sveinsson, Skólavörðustíg 11 a, er genginn úr firmanu „Viðskiftafjelagið“ og rekur Björn Ólafsson, Njálsgötu 5, firmað með sama fyrirkomulagi og að undanförnu og ber einn ábyrgð á skuldbindingum þess.

Ritar hann einn firmað með sama hætti og áður.

Reykjavík, 7. febrúar 1924.
Björn Ólafsson, Þórður Sveinsson.

9. Hjermeð tilkynnist til verslunarskrárinnar, að herra Þórður Sveinsson, Skólavörðustíg 11 a, er genginn úr firmanu „Þórður Sveinsson & Co.“ og rekur Björn Ólafsson, Njálsgötu 5, hjer eftir firmað með sama fyrirkomulagi og að undanförnu, og ber hann einn ábyrgð á skuldbindingum firmans. Björn Ólafsson ritar nú einn firmað með sama hætti og áður.

Reykjavík, 7. febrúar 1924.
Björn Ólafsson. Þórður Sveinsson.

10. Undirritaðar frú Áslaug Blöndahl, Lækjargötu 4 og frú Kristín Bernhöft, Kirkjutorgi 4, báðar til heimilis í Reykjavík, tilkynna hjermeð að við rek-

um verslun með vefnaðarvörur og leikföng undir firmanafninu „Verslun Ingibjargar Johnson" með ótakmarkaðri ábyrgð. 143

Firmað rita eigendurnir þannig:

Áslaug Blöndahl ritar þannig:

Verslun Ingibjargar Johnson
Áslaug Blöndahl.

Kristín Bernhöft ritar þannig:

Verslun Ingibjargar Johnson
Kristín Bernhöft.

Prókúruumboð samkv. lögum nr. 42, 1905, hefir Guido Bernhöft, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verslun Ingibjargar Johnson
Guido Bernhöft.

Reykjavík, 17. mars 1924.
Áslaug Blöndahl, Kristín Bernhöft.

11. Hjermeð afturkallast prókúruumboð það, sem herra Arnór Guðmundsson hefir haft fyrir vátryggingarstofu A. V. Tulinius.

Reykjavík, 14. apríl 1924.
A. V. Tulinius. Carl D. Tulinius.

12. H/f „Kol & Salt" í Reykjavík gefur hjermeð herra framkvæmdarstjóra Hjalta Jónssyni umboð sem prókúrista fyrir hlutafjelagið, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. h/f „Kol og Salt"
Hjalti Jónsson.

Reykjavík, 8/4. 1924.
Stjórn h/f „Kol & Salt".
C. Zimsen. Halldór Kr. Þorsteinsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

13. Prókúruumboð það, sem herra Theodór Jakobsson hefir frá h/f „Kol & Salt", afturkallast hjermeð frá deginum í dag.

Reykjavík, 8. apríl 1924.
Stjórn h/f „Kol &Salt".
C. Zimsen. Halldór Kr. Þorsteinsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

14. Hjermeð tilkynnist að prókúruumboð herra Guðlögs H. Waage, afturkallast frá deginum í dag.

Reykjavík, 19. mars 1924.
Húsgagnaverslun Reykjavíkur,
Reykjavík.
Steinunn Kristjánsdóttir.

143 15. Við undirritaðir tilkynnum hjermeð að jeg Eyjólfur Jóhannsson, Óðinsgötu 5, er genginn úr firmanu Eggert Kristjánsson & Co. frá 1. janúar s. l. að telja, og að jeg Eggert Kristjánsson, Skólavörðustíg 36 rek einn firmað áfram frá sama degi að telja með eigin ábyrgð og er Eyjólfur Jóhannsson laus við ábyrgðir og skuldbindingar firmans frá þeim tíma.

Til staðfestu undirritum við nöfn okkar.

Reykjavík, 6. ágúst 1924.

Eyjólfur Jóhannsson. Eggert Kristjánsson.

16. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar að undirritaðir N. Manscher, endurskoðunarforstjóri og Björn E. Árnason, cand. jur., báðir til heimilis hjer í bæ, reka í fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð endurskoðunarfyrirtæki ásamt bókfærslu, allskonar reikningagjörð og umsjón, undir firmanafninu N. Manscher & Björn E. Árnason.

N. Manscher ritar:

N. Manscher & Björn E. Árnason
N. Manscher.

Björn E. Árnason ritar:

N. Manscher & Björn E. Árnason
Björn E. Árnason.

Reykjavík, 4. október 1924.

N. Manscher. Björn E. Árnason.

17. Þar sem við höfum ákveðið að reka framvegis, frá í dag, vátryggingarstarfsemi hvor í sínu lagi, er upphafin VÁTRYGGINGARSTOFA A. V. TULINIUS, en jeg, A. V. Tulinius, held starfseminni áfram undir eigin nafni.

Með þessu afturkallast tilkynning til firmaskrárinnar dags. 30. nóvember 1923.

Reykjavík, 31. okt. 1924.

A. V. Tulinius. Carl D. Tulinius.

18. Undirrituð stjórn Sláturfjelags Suðurlands veitir hjermeð sláturfjelagsforstjóra Helga Bergs prókúruumboð fyrir fjelagið frá þessum degi að telja.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Hannesar Thorarensen fyrir fjelagið.

Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pro. Sláturfjelag Suðurlands
H. Bergs.

Staddir í Reykjavík, 16. sept. 1924.

Ágúst Helgason. Bogi A. J. Þórðarson. Lárus Helgason.
Guðm. Erlendsson. Guðm. Þorbjarnarson.

19. Firmað Vjelsmiðjan Hjeðinn tilkynnir, að það hafi veitt herra Helga Sivertsen, Lokastíg 19, prókúruumboð og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vjelsmiðjan Hjeðinn
Helgi Sivertsen.

Reykjavík, 1. nóv. 1924.
Vjelsmiðjan Hjeðinn
Bjarni Þorsteinsson.

20. Við Ásgeir Ólafsson, Miðstræti 8 a, og Carl Schram, Stýrimannastíg 8, rekum umboðs- og heildsöluverslun í Reykjavík, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu:

Á. Ólafsson & Schram.

Firmað ritum við báðir þannig:

Ásgeir Ólafsson ritar:

Á. Ólafsson & Schram.

Carl Schram ritar:

Á. Ólafsson & Schram.

Reykjavík, 24. nóvember 1924.
Ásgeir Ólafsson. Carl Schram.

21. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að undirritaður Sveinn M. Sveinsson er genginn úr firmanu Sv. Jónsson & Co., og að undirritaður Sveinn Jónsson er frá 1. nóvember 1924 að telja einn eigandi firmans og rekur það framvegis á eigin ábyrgð undir sama firmanafninu.

Reykjavík, 5. nóv. 1924.
Sveinn M. Sveinsson. Sveinn Jónsson.

II. *Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:*

1. Stjórn Kaupfjelags Borgfirðinga í Borgarnesi tilkynnir, að prókúruumboð Svavars Guðmundssonar fyrir fjelagið, sje afturkallað frá 18. jan. 1924, og að Helgi Pjetursson hafi prókúruumboð fyrir fjelagið frá sama tíma.

Helgi Pjetursson ritar firmað þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Borgfirðinga
Helgi Pjetursson.

2. Verslunarfjelag Borgarfjarðar rekur verslun í Borgarnesi. Samþyktir eru dagsettar 11. mars 1924. Stofnendur eru: Magnús Th. S. Blöndahl kaupmaður í Reykjavík, Ludvig Kaaber bankastjóri s. st., Björn Þorsteinsson bóndi í Bæ, Jósef Björnsson bóndi á Svarfhóli, Lárus Fjeldsted hæstarjettarmálaflutningsmaður í Reykjavík. Í stjórn eru: Magnús Th. S. Blöndahl, formaður, Jósef Björnsson og Lárus Fjeldsted, og rita og skuldbinda 2 þeirra fjelagið. Framkvæmdarstjóri er Jón Björnsson kaupmaður frá Bæ og hefir hann prókúru fyrir fjelagið. Hlutafje er 20000 kr., skift í 20 hluti, hvern á 1000 kr., og er það að fullu greitt. Hlutabrjefin hljóða á nafn, og fylgja þeim engin sjerrjettindi, lausnarskylda nje hömlur. Hluthafar

143 hafa 1 atkvæði á fundum fyrir hverjar 1000 kr., þó má enginn fara með meira en $1/5$ hluta atkvæða á fundum. Fundi skal boða í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti með 14 daga fyrirvara, ef um aðalfund er að ræða, annars með viku fyrirvara.

Magnús Th. S. Blöndahl og Jósef Björnsson rita firmað þannig:

H.f. Verslunarfjelag Borgarfjarðar
Magnús Th. S. Blöndahl. Jósef Björnsson.

Magnús Th. S. Blöndahl og Lárus Fjeldsted rita firmað þannig:

H.f. Verslunarfjelag Borgarfjarðar
Magnús Th. S. Blöndahl. Lárus Fjeldsted.

Lárus Fjeldsted og Jósef Björnsson rita firmað þannig:

H.f. Verslunarfjelag Borgarfjarðar
Lárus Fjeldsted. Jósef Björnsson.

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

pr. pr. Verslunarfjelag Borgarfjarðar
Jón Björnsson frá Bæ.

3. Á Beigalda í Borgarhreppi í Mýrasýslu er rekin mjólkurniðursuða undir firmanafninu „h/f. Mjólkurfjelagið Mjöll". Stjórn firmans skipa: Jóhann Magnússon bóndi á Hamri, formaður, og hefir hann einnig prókúruumboð. Meðstjórnendur eru: Jón Björnsson, kaupmaður í Reykjavík, og Sigurður Fjeldsted, bóndi í Ferjukoti. Hlutafjeð er 60000 kr. og er þegar greitt af því 54000 kr., en því sem ávantar verður safnað fyrir árslok 1924. Hlutabrjefin hljóða á nöfn eigenda. Engin sjerrjettindi eða lausnarskylda fylgir hlutunum. Eitt atkvæði fylgir hverjum þúsund króna hlut, þó má enginn fara með meira en $1/5$ hluta af atkvæðum fjelagsins, og nýir hluthafar verða, til þess að hafa atkvæðisrjett, að hafa sýnt stjórninni 8 dögum fyrir fund, skilríki fyrir eignarrjetti sínum á hlutabrjefum þeim, er þeir fara með. Fundarboð sendist hluthöfum í ábyrgðarbrjefi.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. Mjólkurfjelagið Mjöll
Jóhann Magnússon.

Stjórnendur rita firmað þannig:

Jóhann Magnússon og Jón Björnsson rita:

H/f. Mjólkurfjelagið Mjöll
Jóhann Magnússon. Jón Björnsson.

Jóhann Magnússon og Sigurður Fjeldsted rita:

H/f. Mjólkurfjelagið Mjöll
Jóhann Magnússon. Sigurður Fjeldsted.

Jón Björnsson og Sigurður Fjeldsted rita:

H/f. Mjólkurfjelagið Mjöll
Jón Björnsson. Sigurður Fjeldsted.

4. Stjórn Sláturfjelags Borgfirðinga tilkynnir, að frá 5. júlí þ. á. hafi Helgi Pjetursson prókúruumboð fyrir fjelagið, og ritar hann firmað þannig: 143

pr. pr. Sláturfjelag Borgfirðinga
Helgi Pjetursson.

Frá sama tíma er afturkallað prókúruumboð Svavars Guðmundssonar.

5. Verslunarfjelagið „Borg" h/f. rekur verslun í Borgarnesi. Samþyktir eru dagsettar 28. október 1924. Stofnendur eru: Jón Ólafsson, framkvæmdarstjóri í Reykjavík, Jón Brynjólfsson, kaupmaður s. st., Halldór Þorsteinsson, skipstjóri s. st., Gunnar Ólafsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, Helgi Árnason, verslunarmaður í Borgarnesi, og Guðm. Ásbjörnsson, kaupmaður í Reykjavík. Í stjórn eru: Jón Brynjólfsson, formaður, Guðm. Ásbjörnsson og Halldór Þorsteinsson.

Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Jón Björnsson frá Svarfhóli í Borgarnesi, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verslunarfjel. „Borg" H/f.
Jón Björnsson frá Svarfhóli.

Hlutafjeð er 25000 krónur, skift í 1000 kr. hluti, er hljóða á nafn, og er innborgað að fullu. Engin sjerrjettindi eða lausnarskylda fylgja hlutunum. Hluthöfum er óheimilt að selja hlutabrjef sín, nema leyfi stjórnarinnar komi til. Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hverjar þúsund krónur, þó getur enginn einn fjelagsmanna haft eða farið með fleiri atkvæði en 1/5 hluta allra atkvæða. Fundir eru boðaðir með skriflegri tilkynningu í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti með sjö daga fyrirvara.

III. *Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla:*

1. Jeg, Sæm. Halldórsson kaupmaður í Stykkishólmi, gef hjermeð syni mínum Gunnari S. Halldórssyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Sæm. Halldórsson
Gunnar S. Halldórsson.
Stykkishólmi, 19. sept. 1924.
Sæm. Halldórsson.

IV. *Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.*

1. Við Karl & Jóhann (áður Edinborg) á Ísafirði, gefum herra Viggó Sigurðssyni verslunarmanni á Ísafirði, umboð til að rita firmað, og hefir hann

143 öll rjettindi og skyldur, er prókúristar hafa samkvæmt lögum.

Hann ritar firmað þannig:

p. pr. Karl & Jóhann
(áður Edinborg)
V. Sigurðsson.

Og afturkallast prókúruumboð Ólafs Fr. Davíðssonar.

Ísafirði, 5. febrúar 1924.
Karl & Jóhann
(áður Edinborg).

2. Hjermeð afturkallast prókúruumboð Marteins Bjarnasonar fyrir Kaupfjelag Önfirðinga, en veitist aftur framkvæmdarstjóra þess Pjetri Sigurðssyni á Flateyri frá 1. febr. þ. á.

Flateyri, 7. mars 1924.
Í stjórn Kaupfjelags Önfirðinga
Páll Rósinkransson. Finnur Finnsson. Hólmgeir Jensson.
Ásgeir Torfason. Sveinn Árnason.

3. Undirritaður tilkynnir til firmaskrár Ísafjarðar, að hann reki verslun með fullri ábyrgð á Ísafirði undir verslunarnafninu: Verslunin Elo.

Sigurður Sigurðsson.

Firmaritun er þannig:

Verslunin Elo
Sigurður Sigurðsson.
Ísafirði, 19. apríl 1924.
Sigurður Sigurðsson.

4. Helgi Ketilsson tilkynnir til firmaskrár Ísafjarðar, að hann reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu „Oddi".

Ísafirði, 12. sept. 1924.
Helgi Ketilsson.

5. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar, að firmað Karl & Jóhann (áður Edinborg), Ísafirði, hættir störfum frá og með 30. desember 1924 og verður þá uppleyst.

Ísafirði, 15. desember 1924.
Karl Olgeirsson. Jóh. Þorsteinsson.

V. *Húnavatnssýsla.*

1. Úr stjórn Sláturfjelags Austur-Húnvetninga hefir gengið Hannes Jónsson forstjóri fjelagsins, en í stjórnina kosinn í hans stað Pjetur Theódórs kaupfjelagsstjóri á Blönduósi, sem forstjóri fjelagsins.

2. Úr stjórn Kaupfjelags Húnvetninga, Blönduósi, hafa gengið þeir Jónatan J. Líndal bóndi á Holtastöðum og Jón Pálmason bóndi á Akri, en í stjórnina hafa verið kosnir í þeirra stað, alþingismaður Guðmundur Ólafsson, Ási, og Jón Jónsson bóndi í Stóradal. 143

VI. *Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.*

1. Hjermeð tilkynnist, að við undirritaðir höfum gert með okkur fjelag, er ber heitið „Fiskveiðafjelagið Reginn" og gert með okkur fjelagssamning, er við höfum samþykt og undirskrifað, dags. hinn 15. febr. 1924. Heimilisfang fjelagsins er á Akureyri. Tilgangur þess er að reka útgerð til fiskveiða.

Stofnfje fjelagsins er kr. 18000.00 — átján þúsund — og að öllu fullgreitt. (Krónur 3000.00 — þrjú þúsund — frá hverjum okkar).

Skuldir fjelagsins ábyrgjumst við í hlutfalli við inneign okkar.

Stjórn fjelagsins skipa: Formaður Friðrik Hjaltalín og meðstjórnendur Aðalsteinn Jónsson og Kristján Mikaelsson.

Firmað ritum við allir sex í sameiningu.

Framkvæmdarstjóri fjelagsins er Steindór Hjaltalín og hefir hann prókúruumboð.

Akureyri. 15. febr. 1924.

Friðrik Hjaltalín. Aðalsteinn Jónsson. Jón Hinriksson.
Jörgen Hjaltalín. Kristján Mikaelsson.
Steindór Hjaltalín.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fiskveiðafjelagið Reginn
S. J. Hjaltalín.

2. Fjelagið heitir Kaupfjelag Eyfirðinga, skammstafað K. E. A. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

Fjelagið er samvinnufjelag; fjelagsmenn ábyrgjast allar fjárreiður þess og skuldbindingar einn fyrir alla og allir fyrir einn — „in solidum". —

Tilgangur fjelagsins er: Að útvega fjelagsmönnum góðar vörur og ná hagkvæmum kaupum á þeim, að efla vöruvöndun og koma innlendum vörum í sem hæst verð.

Síðustu samþyktir fjelagsins eru frá aðalfundi þess í dag.

Stjórn fjelagsins er skipuð 5 mönnum, í henni eiga sæti: Einar Árnason, alþm., Eyrarlandi, formaður, Ingimar Eydal, kennari, Akureyri, varaformaður, Bernharð Stefánsson, oddviti, Þverá, Benedikt Guðjónsson, hreppstjóri, Moldhaugum, Stefán Jónsson, bóndi, Munka-Þverá. Varamaður Eiður Guðmundsson, oddviti, Þúfnavöllum. Framkvæmdarstjóri er: Sigurður Kristinsson, Akureyri.

143 Stjórnendur 3 saman rita firma fjelagsins. Prókúru hefir framkvæmdastjóri og ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Eyfirðinga
S. Kristinsson.

Prókúru, á ábyrgð framkvæmdastjórans, hefir verslunarm. Vilhjálmur Þ. Þór, Akureyri, og ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Eyfirðinga
V. Þ. Þór.

Fundarboð og birtingar til fjelagsmanna fara fram brjeflega eða með auglýsingum í blöðum á Akureyri.

Fjelagið hefir útbú í Dalvík og rekur það verslun á sama hátt og fjelagið. Útbússtjóri er Jóhann Jóhannsson, Dalvík; hefir hann umboð til þess að gera samninga fyrir útbúið og kvitta fyrir öllum greiðslum til þess og til að innheimta skuldir.

Ritar hann:

f. h. Útbús Kaupfjelags Eyfirðinga, Dalvík,
Jóh. Jóhannsson.

Akureyri, 8. apríl 1922.

Ingimar Eydal. Benedikt Guðjónsson. Bernharð Stefánsson.
Eiður Guðmundsson. Stefán Jónsson.

3. Kaupfjelag verkamanna Akureyrar, Akureyri, tilkynnir hjermeð, að það á aðalfundi sínum, 30. mars 1922, hefir samþykt lög fyrir nefnt kaupfjelag í samræmi við lög um samvinnufjelög frá 27. júní 1921.

Heiti fjelagsins er: Kaupfjelag verkamanna Akureyrar. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

Tilgangur fjelagsins er verslunarstarfsemi (samkvæmt 2. gr. fjelagslaganna.

Dagsetning gildandi fjelagslaga er 30. mars 1922.

Stjórnendur eru: Hallgrímur Jónsson járnsmiður, Lindargötu 4, Akureyri, Björn Ásgeirsson lögregluþjónn, Hafnarstræti 84, s. st., Guðbjörn Björnsson kaupmaður, Hafnarstræti 35, s. st., Jón Kristjánsson söðlasmiður, Aðalstræti 50, s. st., Halldór Friðjónsson ritstjóri, Lindargötu 5, s. st.

Framkvæmdarstjóri er: Erlingur Friðjónsson bæjarfulltrúi, Strandgötu 9, Akureyri. Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir fjelagið, en þessir tveir stjórnendur rita firma fjelagsins: Hallgrímur Jónsson járnsmiður, Lindargötu 4, Akureyri, og Halldór Friðjónsson ritstjóri, Lindargötu 4, Akureyri.

Fjelagsfundir eru tilkyntir með auglýsingu í opinberu blaði.

Akureyri, 31. mars 1922.

Hallgrímur Jónsson. Halldór Friðjónsson. Björn Ásgeirsson.
Guðbjörn Björnsson. Jón Kristjánsson.

4. Þann 10. þ. m., höfum við undirritaðir stofnsett firma með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Elektro Co. **143**

Firmað verslar með rafmagnsvörur og fl. og framkvæmir alla vinnu sem lýtur að rafmagni.

Rjett til að undirrita firmað, hafa:

Indriði Helgason og R. Snorrason og rita þeir þannig:

Elektro Co.
Indr. Helgason.
Elektro Co.
R. Snorrason.
Akureyri, 15. júní 1922.
Verslun Sn. Jónssonar.
Indr. Helgason. R. Snorrason.

5. Frá í dag afturkallast prókúruumboð það, er framkvæmdarstjóri Sigurður Kristinsson hefir haft fyrir Kaupfjelag Eyfirðinga samkvæmt tilkynningu frá 8. apríl 1923. Sömuleiðis afturkallast prókúruumboð, er verslunarmanni Vilhjálmi Þór var í sama skifti veitt á ábyrgð framkvæmdarstjórans.

Jafnframt tilkynnist, að frá í dag er verslunarmaður Vilhjálmur Þór ráðinn framkvæmdarstjóri Kaupfjelags Eyfirðinga og hefir hann prókúruumboð fyrir fjelagið.

Hann ritar:

pr. pr. Kaupfjelag Eyfirðinga
Vilhjálmur Þór.
Akureyri, 2. janúar 1924.
Í stjórn Kaupfjelags Eyfirðinga.
Ingimar Eydal. Benedikt Guðjónsson. Stefán Jónsson.
Einar Árnason. Bernharð Stefánsson.

6. Frá 1. janúar 1924 hefir Jón E. Sigurðsson gengið úr firmanu Jóhannes Þorsteinsson & Co., Akureyri, en Laufey Pálsdóttir heldur versluninni áfram undir sama firmanafni.

Jafnframt hefir sú breyting orðið á atvinnurekstrinum, að Jón E. Sig-Sigurðsson hefir keypt útbú firmans á Siglufirði og rekur hann hjer á eftir þá verslun undir firmanafninu Hamborg, en á sína eigin ábyrgð.

Jón E. Sigurðsson er verslunarstjóri og hefir prókúruumboð fyrir firmað „Jóhannes Þorsteinsson & Co.“ á Akureyri og ritar hann firmað þannig:

p. p. Jóhannes Þorsteinsson & Co.
Jón E. Sigurðsson.
Akureyri, 28 febrúar 1924.
Laufey Pálsdóttir. Jón E. Sigurðsson.

143 7. Í dag hefir herra Pjetur Eggerz Stefánsson fengið prókúruumboð fyrir firma okkar: „Bræðurnir Espholin" og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bræðurnir Espholin
P. Eggerz Stefánsson.
Akureyri, 24. janúar 1924.
Hjalti Espholin. Ingólfur G. S. Espholin.

8. Hjermeð veiti jeg undirritaður, Ásgeir Pjetursson kaupmaður á Akureyri, Axel Kristjánssyni, Akureyri, fullkomið prókúruumboð fyrir mína hönd, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Ásgeir Pjetursson
Axel Kristjánsson.
Akureyri, 19. júlí 1924.
Ásgeir Pjetursson.

## VII. *Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.*

1. Hjermeð afturkallast prókúruumboð P. L. Imslandserfingja fyrir Hlutafjelagið „Alda", en veitist aftur Ragnari Imsland á Seyðisfirði, frá 27. þ. m.

Seyðisfirði, 27. júní 1924.
Stjórn hlutafjelagsins Alda.
P. L. Imslands Arvinger.
Sigurður Jónsson. St. Th. Jónsson.

2. Kaupfjelag Austfjarða tilkynnir, að stjórn kaupfjelags Austfjarða sje nú skipuð þessum mönnum.

Karl Finnbogason formaður, í stað Stefáns Baldvinssonar.
Hjálmar Vilhjálmsson varaform.
Árni Friðriksson meðstjórnandi.

Seyðisfirði, 11. nóv. 1924.
Karl Finnbogason. Hjálmar Vilhjálmsson. Árni Friðriksson.

3. Prókúruumboð það, sem frk. Emilía Antonsdóttir hefir fyrir verslun mína á Seyðisfirði, afturkallast hjermeð frá deginum í dag.

Akureyri, 28. nóv. 1924.
Baldwin Ryel.

## *VIII. Suður-Múlasýsla.*

1. Stjórn Kaupfjelags Berufjarðar tilkynnir að úr stjórn Kaupfjelagsins sje genginn Jón Stefánsson á Hálsi, en í hans stað sje kosinn Ólafur Björnsson bóndi á Skála. Varaformaður er kosinn Jón Stefánsson á Hálsi í stað Jóns Eiríksson á Krossi.

2. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar, hefir heimili og varnarþing á Eskifirði. 143
Samþyktir fjelagsins eru dags. 25. febr. 1923. Tilgangur þess er að selja í fjelagi afurðir sjávarútvegs fjelagsmanna, sporna við skuldaverslun, safna í sjóði og kaupa vörur sjerstaklega til þess að framleiða sjávarafurðir.
Stjórn fjelagsins skipa: Bjarni Sigurðsson hreppstjóri, formaður, Finnbogi Erlendsson, útgerðarmaður og Jóhann Þorvaldsson, útgerðarmaður.
Framkvæmdarstjóri Símon Jónasson útgerðarmaður.
Heimild til að rita firmað hefir formaður og einn úr stjórninni eða 2 úr stjórn. Ritar hún firmað þannig:

pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar
Bjarni Sigurðsson. Finnbogi Erlendsson eða
pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar
Bjarni Sigurðsson. Jóhann Þorvaldsson eða
pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar
Finnbogi Erlendsson. Jóhann Þorvaldsson.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð, ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar
Símon Jónasson.

Gagnkvæm ábyrgð allra fjelagsmanna á öllum skuldbindingum fjelagsins. Inngangseyrir 10 krónur fyrir hvern fjelagsmann. Í stofnsjóð leggjast árlega 3% af verði aðfluttrar vöru. Árgjald í varasjóð er 1% af viðskiftaveltu. Fjelagið hefir hvorki innlánsdeild nje verslunarleyfi.

3. Hlutafjelagið „Jökull“ hefir heimili og varnarþing á Búðum í Fáskrúðsfirði í Búðahreppi. Samþyktir fjelagsins eru dags. 20. ágúst 1922. Tilgangur þess er að kaupa, frysta og selja síld, aðra beitu og matvæli, einnig að selja ís og taka matvæli til frystingar.
Stjórn fjelagsins skipa: Lúðvík Guðmundsson verslunarstjóri, formaður, Marteinn Þorsteinsson kaupmaður og Jón Davíðsson verslunarstjóri. Undirskriftir formanns og annars meðstjórnanda þarf til að skuldbinda fjelagið. Rita þeir firmað þannig:

H./f. „Jökull“
Lúðvík Guðmundsson. Marteinn Þorsteinsson eða
H./f. „Jökull“
Lúðvík Guðmundsson. Jón Davíðsson.

Upphæð hlutafjár er 24000 kr. — tuttugu og fjögur þúsund krónur —, er skiftist í 100, 200, 500 og 1000 króna hluti.
Hlutabrjefin hljóða á nafn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á þeim. Sala hlutabrjefa ógild gagnvart fjelaginu, nema samþykt sje af stjórninni.
Hlutafjársöfnun ólokið og heldur áfram. Innborgað er 20,800 kr. — tuttugu þúsund og átta hundruð krónur. — Afgangurinn kræfur nú þegar.

143 Atkvæðisrjettur hluthafa miðaður við hlutafjáreign þeirra þannig: Fyrir hlutafjáreign 100 til 200 krónur 1 atkvæði, 300 til 500 krónur 2 atkvæði, 600 til 1000 krónur 3 atkvæði, 1100 til 1500 krónur 4 atkvæði, 1600 til 2000 krónur 5 atkvæði, 2100 til 2500 krónur 6 atkvæði, 2600 til 3000 krónur 7 atkvæði. 3100 til 5000 krónur 8 atkvæði, 5100 til 8000 krónur 9 atkvæði. Enginn má fara með fleiri en 9 atkv. á fundi.

Aðalfundur skal boðaður með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum í Búðahreppi, og brjeflegum tilkynningum til fjarverandi hluthafa.

Aukafundir með 3. daga fyrirvara.

## *IX. Skaftafellssýsla.*

1. Það tilkynnist hjer með, að Jón Þorsteinsson í Norður-Vík er genginn úr firmanu: Verslun Þorsteins Þorsteinssonar & Co. í Vík og hefir selt meðeiganda sínum Þorsteini Þorsteinssyni sinn hluta í versluninni. Rekur Þorsteinn Þorsteinsson verslunina einn hjer eftir, en undir sama firmanafni og áður.

Vík, 10. október 1924.

Þorst. Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.

## *X. Vestmannaeyjar.*

1. Gunnar Ólafsson & Co. í Vestmannaeyjum tilkynna 25. sept. þ. á. að Sigurði Á. Gunnarssyni sje veitt prókúruumboð.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Gunnar Ólafsson & Co.
Sig. Á. Gunnarsson.

2. Helgi Benediktsson og Hjörleifur Sigurjónsson tilkynna 15. okt. 1924, að þeir reki verslun í Vestmannaeyjum undir firmanafninu Verslunarfjelag Vestmannaeyja, og er höfuðstóll firmans kr. 150,000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund —, sem er að fullu innborgað. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á firmanu. Firmað er stofnað 1920 og rekin út- og innflutningsverslun og útgerð. Báðir hafa rjett til að rita firmað, þannig:

Verslunarfjelag Vestmannaeyja
Helgi Benediktsson.

Hjörleifur Sigurjónsson ritar firmað þannig:

Verslunarfjelag Vestmannaeyja
Hjörleifur Sigurjónsson.

Prókúru fyrir firmað hefir Sigurður Ólason og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verslunarfjelag Vestmannaeyja
Sig. Ólason.

3. Jón Þorsteinsson svipusmiður í Vík í Vestur-Skaftafellssýslu rekur verslun í Vestmannaeyjum undir nafninu „Verslunin Víkingur", og ritar firmað þannig: 143

„Verslunin Víkingur".
Jón Þorsteinsson.

Prókúru hefir Guðlaugur Br. Jónsson í Vestmannaeyjum.

Vík í Mýrdal, 30. sept. 1924.
Jón Þorsteinsson.

4. Jón Einarsson kaupmaður á Gjábakka, Th. Thomsen vjelasmiður á Sólnesi og Friðrik Ólafsson stýrimaður í Viðey, allir í Vestmannaeyjum tilkynna að þeir reki þar fiskimjölsverksmiðju undir firmanafninu „Fiskimjölsverksmiðjan Hekla", allir með ótakmarkaðri ábyrgð. Rjett til að rita firmað hafa Jón Einarsson og Th. Thomsen hvor um sig, en þó þarf samþykki allra samlagsmanna til þess að

1) veðsetja eignir fjelagsins og
2) að taka peningalán eða takast á hendur víxilábyrgð í nafni firmans,

— en samþykki meiri hluta þarf til þess að ákveða sölu á afurðum verksmiðjunnar. Tillög samlagsmanna 90,000 krónur.

5. Verslun G. J. Johnsen í Vestmannaeyjum tilkynnir þann 12. nóvember þ. á., að Ástþóri Matthíassyni sje veitt prókúruumboð.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Verslun G. J. Johnsen.
Ástþór Matthíasson.

*XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. H/f. „Bræðingur". Heimili: Seltjarnarneshreppur í Kjósarsýslu. Útibú ekkert. Tilgangur fjelagsins er að framleiða lýsi, afla síldar og annara fiskifanga. Dagsetning samþykta 9. nóvbr. 1915 og 13. apríl 1923, fjelagið stofnað fyrir 1. janúar 1922, og var tilkynt til firmaskrár Reykjavíkur, en nú hefir verið tilkynt, að það sje hætt að starfa þar. Formaður fjelagsins er Jón Ólafsson skipstjóri, Miðstræti 8 B í Reykjavík. Meðstjórnendur: Ólafur Johnson, Esjubergi í Reykjavík, stórkaupmaður, Arent Claessen, Laufásveg 42, Reykjavík, stórkaupmaður. Framkvæmdarstjóri er Jón Sigurðsson skipstjóri Hverfisgötu 74. Sameiginlega prókúru hafa Jón Sigurðsson framkvæmdarstjóri og Ólafur Johnson stórkaupmaður. — Firmað rita framkvæmdarstjóri Jón Sigurðsson og Ólafur Johnson, sem hafa sameiginlegt prókúruumboð fyrir fjelagið með sama valdsviði, sem er ákveðið fyrir prókúruhafa samkv. lögum nr. 42, 1903. — Allir stjórnendur eða tveir þeirra geta skuldbundið fjelagið.

143 Prókúruhafar rita firmað þannig:

pr. pr. H/f Bræðingur
Jón Sigurðsson. Ólafur Johnson.

Stjórnendur rita firmað þannig:

H/f Bræðingur
Jón Ólafsson. Ól. Johnson.
eða H/f Bræðingur
A. Claessen. Jón Ólafsson. Ól. Johnson.
eða H/f Bræðingur
Ól. Johnson. A. Claessen.
eða H/f Bræðingur
Jón Ólafsson. A. Claessen.

2. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Gullbringusýslu, að á síðasta aðalfundi fjelagsins gengu þeir Þorbergur Guðmundsson og Þorgeir Magnússon úr stjórn fjelagsins og Sigurður Ólafsson, ljet af framkvæmdarstjórn.

Stjórnina skipa nú:

Einar Magnússon, Gerðum.
Ólafur Guðlaugsson, Útskálum.
Jón Eiríksson, Nýjabæ.
Jón Ásmundsson, Rafnkelsstöðum og
Ísak Bjarnason, Rafnkelsstöðum. —
Stefán Einarsson, Krókvelli (til vara).

Framkvæmdarstjóri er Páll Árnason. — Skrifar hann nafn fjelagsins þannig:

pr. pr. Kaupfjel. „Báran".
Páll Árnason.

Í stjórn Kaupfjelagsins „Báran":

Jón Ásmundsson. Ísak Bjarnason.
Einar Magnússon (formaður).
Ólafur Guðlaugsson. Jón Eiríksson.

3. H/f. „Ísfjelag Gerða". Heimili í Gerðum, Gerðahreppi. — Útibú ekkert. — Tilgangur fjelagsins er efling fiskiveiða. — Samþyktir fjelagsins dags. 23. desbr. 1923. — Stofnendur: Jón Ólafsson, framkvæmdarstjóri, Jón Sigurðsson, framkvæmdarstjóri, Magnús Magnússon framkvæmdarstjóri, Bjarni Pjetursson, blikksmiður, Þorgeir Pálsson, framkvæmdarstjóri, Þorsteinn Gíslason, útvegsbóndi, allir til heimilis í Reykjavík, Eiríkur Þorsteinsson, kaupmaður Gerðum, Guðmundur Þórðarson kaupmaður Gerðum, Jón Á. Gíslason, formaður Gerðum, Þorbergur Guðmundsson, formaður Gerðum, Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Kothúsum, Þorgeir Magnússon, formaður Lambastöðum í Garði, Halldór Þorsteinsson, útvegsbóndi í Vörum, Sveinbjörn Einarsson, formaður Endagerði á Miðnesi. — Stjórnendur og framkvæmdarstjóri: Eiríkur Þorsteinsson, formaður og framkvæmdarstjóri,

Guðmundur Þórðarson, Gerðum, Þorsteinn Gíslason, Framnesveg 1 c, Reykjavík, Þorbergur Guðmundsson, Gerðum, Jón Á. Gíslason, Gerðum. — Upphæð hlutafjár og greining í hluti: 7400 krónur skift í 74 hluti, hver á 100 kr., alt greitt. — Hlutabrjef hljóða á nafn. — Framkvæmdarstjóri ritar einn firmað, þannig: 143

H/F Ísfjelag Gerða
Eiríkur Þorsteinsson.

4. Jeg undirrituð, Þorbjörg Friðgeirsson, húsfrú, til heimilis í Bergstaðastræti 14 í Reykjavík, leyfi mjer hjermeð að tilkynna til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu að jeg rek verslun í Keflavík, með allskonar vörur, undir firmanafninu „Verslunin Nýborg", og ber jeg ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum verslunarinnar.

Firmanafnið skrifa jeg sjálf svo sem hjer greinir:

Verslunin Nýborg,
Þorbjörg Friðgeirsson.

Jeg veiti hjer með manni mínum, Olgeir Friðgeirssyni kaupmanni, prókúruumboð fyrir umrædda verslun, og ritar hann firmanafnið svo sem hjer skal greina:

p. p. verslunin Nýborg,
O. Friðgeirsson.

5. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að samkvæmt kosningu á aðalfundi Fiskiveiðafjelagsins Höfrungur h/f. í Hafnarfirði, skipa nú stjórn fjelagsins þessir hluthafar:

Guðmundur Helgason, bæjargjaldkeri í Hafnarfirði,
Guðmundur Jónasson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og
Þorvarður Þorvarðsson, prentsmiðjustjóri í Reykjavík,

og rita þeir samkvæmt fjelagslögunum firmað þannig:

Fiskiveiðafjelagið Höfrungur h/f.
Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Helgason. Guðm. Jónasson.

6. Fiskiveiðahlutafjelagið „Kári", lögheimili og varnarþing í Viðey í Seltjarnarneshrepp í Kjósarsýslu, rekur fiskiveiðar með botnvörpum og öðrum veiðarfærum. — Lög fjelagsins eru dagsett 19. mars 1924. — Formaður fjelagsins er bankabókari Richard Torfason, Stýrimannastíg nr. 14 í Reykjavík, Ólafur Ólafsson præp. hon., Bjargarstíg 5 í Reykjavík, Páll Ólafur Ólafsson, framkvæmdarstjóri, Hólavelli, Reykjavík, Magnús Bl. Jónsson, prestur, Vallanesi, Friðjón Jónsson læknir, Akureyri.—Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Páll Ólafsson, Hólavelli í Reykjavík. — Undir-

143 skrift tveggja stjórnenda búsettra í Reykjavík eða í Seltjarnarneshreppi þarf til þess að skuldbinda fjelagið, og eru það þeir: Richard Torfason, Ólafur Ólafsson og Páll Ólafsson, og hefir sá síðastnefndi prókúruumboð fyrir fjelagið.

Upphæð hlutafjárs er kr. 530,500 og skiftist í hluti að upphæð 5000 krónur og 500 krónur. — Hlutafjársöfnun er lokið og hlutafjeð er alt innborgað. — Hlutabrjefin hljóða á nafn. — 500 króna hlutabrjefin eru forgangs hlutabrjef, og eru forgangshlutabrjef útgefin fyrir samtals 100,500 krónum.

Undirskriftum er hagað þannig:

Richard Torfason og Páll Ólafsson rita:

„Fiskiveiðahlutafjelagið Kári"
Richard Torfason. Páll Ólafsson.

Richard Torfason og Ólafur Ólafsson rita:

„Fiskiveiðahlutafjelagið Kári"
Richard Torfason. Ólafur Ólafsson.

Páll Ólafsson og Ólafur Ólafsson rita:

„Fiskiveiðahlutafjelagið Kári"
Páll Ólafsson. Ólafur Ólafsson.

Prókúruhafi Páll Ólafsson ritar:

pr. pr. „Fiskiveiðahlutafjel. Kári"
Páll Ólafsson.

7. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár, að Einar Hans Sigurðsson er genginn úr firmanu Einar & Hans í Hafnarfirði.

Jafnframt tilkynnist að Einar Einarsson rekur atvinnu firmans áfram einn, undir sínu nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð.

Hafnarfirði, 21. okt. 1924.
Einar Einarsson.
Einar Hans Sigurðsson.

8. Ásta Jónsdóttir rekur verslun á Strandgötu 25, Hafnarfirði, undir firmanafninu „Verslunin Nýhöfn".

Firmað ritar Ásta Jónsdóttir.

Prókúruumboð hefir Jónas Andrjesson og ritar:

pr. pr. „Verslunin Nýhöfn"
Jónas Andrjesson.